



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 4/2009

**Ákvörðun um dagsektir vegna vanrækslu Og fjarskipta ehf.
á að fara að ákvörðun Neytendastofu frá 30. janúar 2009.**

I.

Málavextir

Með bréfi Neytendastofu, dags. 30. janúar 2009, tók stofnunin þá ákvörðun að Vodafone, sem er í eigu Og fjarskipta ehf., hafi með notkun orðsins *fríkeypis* við kynningu á þjónustuleiðinni Vodafone Gull brotið gegn ákvæðum 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005 þar sem ávallt þurfti að greiða mánaðargjald fyrir þjónustuna. Vísaði stofnunin annars vegar til álits Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og til þess að röksemdafærsla Vodafone fyrir því að orðið hefði merkinguna kaupauki fengi ekki staðist.

Í bréfi Neytendastofu til Vodafone, dags. 30. janúar 2009, segir m.a.:

„Með vísan til framangreinds er merking orðsins fríkeypis hin sama og bönnuð er skv. 20. gr. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/29/EB. Notkun Vodafone á orðinu fríkeypis fyrir þjónustu sem viðskiptavinir félagsins þurfa að greiða fyrir með annarri þjónustu felur því í sér brot á ákvæðum 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 bannar Neytendastofa Vodafone notkun orðsins fríkeypis fyrir þjónustu sem háð er greiðslu fyrir aðra þjónustu. Bannið tekur gildi einni viku frá móttöku ákvörðunar þessarar.“

Við skoðun Neytendastofu á vefsíðu Vodafone þann 4. mars 2009 kom í ljós að ekki hafi verið farið að ákvörðun stofnunarinnar.

II. Niðurstaða

Í ákvörðun Neytendastofu, dags. 30. janúar 2009, er Vodafone bönnuð notkun orðsins *fríkeypis*, frá og með 6. febrúar 2009, fyrir þjónustu sem háð er greiðslu fyrir aðra þjónustu. Þrátt fyrir skýrt bann að þessu leyti hefur Vodafone ekki farið að ákvörðun Neytendastofu.

Ákvæði 23. gr. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

„Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur Neytendastofa ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.“

Að mati Neytendastofu er mikilvægt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila til að tryggja eðlilega viðskiptahætti. Þar sem sýnt hefur verið að Vodafone hefur ekki farið að ákvörðun Neytendastofu telur stofnunin nauðsynlegt að beita viðurlögum 23. gr. laganna. Verði ekki farið að ákvörðun Neytendastofu, frá 30. janúar 2009, innan sjö daga frá dagsetningu ákvörðunar þessarar telur stofnunin ástæðu til að leggja á Vodafone kr. 50.000 (fimmtíuþúsundkrónur) dagsektir þar til farið hefur verið að ákvörðuninni.

III.
Ákvörðunarorð:

„Og fjarskipti ehf., Skútuvogi 2, Reykjavík, hefur með notkun orðsins *fríkeypis* á vefsíðu Vodafone brotið gegn ákvörðun Neytendastofu frá 30. janúar 2009.

Og fjarskipti ehf. skal innan sjö daga frá dagsetningu ákvörðunar þessarar fara að ákvörðun Neytendastofu frá 30. janúar 2009. Verði það ekki gert innan tilskilins frests mun Neytendastofa leggja dagsektir á Og fjarskipti ehf., með heimild í 23. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Skal Og fjarskipti ehf. frá þeim tíma greiða í ríkissjóð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðuninni.“

Neytendastofa, 4. mars 2009

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir